

1. Formaður býður fundargesti velkomna og setur fundinn.
2. Formaður leggur til að Guðný Stefanía Stefánsdóttir verði kjörin fundarstjórin og Kristján Þór Kristjánsson fundarritari. Eru bæði kosin samhljóða.
3. Svavar fer yfir árið frá aðalstjórn og býður svo formenn deilda að fara yfir starfið 2020. Tinna Hlynsdóttir fer yfir skýrslu barna og unglingaráðs og Samúel Samúelsson yfir starf meistaraflokks karla.
4. Lagði fram reikningar. Svavar formaður fer í gegnum samstæðuna og eftir það gera deildir grein fyrir reikningum. Samúel Samúelsson fer yfir reikninga meistaraflokks karla í fjarveru gjaldkerans Ívars Péturssonar. Aníta Ólafsdóttir gerir grein fyrir reikningum barna og unglingaráðs. Rekstur gekk vel og er hagnaður af deildum og samstæðu.
5. Engar reglugerðabreytingar liggja fyrir fundinum
6. Kosning stjórnar: Svavar Þór Guðmundsson er endurkjörin formaður knattspyrnudeildar.

Meistarflokksráð karla: Samúel Samúelsson, Hafþór Halldórsson, Daði Jakobsson, Jón Hálfaldán Pétursson, Júlíus Ólafsson og Ívar Pétursson
Barna og unglingaráð: Tinna Hlynsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson, Aníta Ólafsdóttir, Jenný Hólmsteinsdóttir og Hagbarður Marinósson

7. -Rætt um fjölnota íþróttahús og mikilvægi þess að það rísi fyrir veturinn. Mikil fjölgun í yngri flokkum í ár styður mikilvægi þess.
-Rætt um samning við Ísafjarðarbæ um að Vestri knattspyrnudeild taki yfir vallarstjórn og vinnu á Torfnesevlinum sumarið 2021. Staða á þeim málum kynnt.
-Jón Hálfaldán beinir til aðalstjórnar að skoða þann möguleika að ráða framkvæmdarstjóra í hlutastarf. Verkefni knattspyrnudeildar eru það viðamikil að erfitt er að koma þessum verkefnum öllum yfir á sjálfboðaliða..
-Rætt var um ástand Vallarhúss bæði neðri og efri hæð. Knattspyrnudeild hamrar þjónustuleysi við iðkendur þegar kemur að neðri hæð. Sérstaklega er ástandi slæmt á veturnar þegar völlur er auður. Húsið aldrei þrifið og iðkendur koma að húsi illa lyktandi og skítugu. Efri hæð hefur möguleika á að vera flott félagsaðstaða og félagsheimili Vestra og þarf að spýta í lófana og gera betur. Það þarf að fara í að gera salerni og elhúsaðstöðu vask oþh. Beinir fundurinn þessu til aðalstjórnar Vestra.

8. Fundarstjóri gerir grein fyrir að ekki séu fleiri mál á dagskrá og biður nýendurkjörin formann að slíta fundi sem hann gerir.

Fundargrerð ritar

Kristján Þór Kristjánsson